

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulaginu „Íbúðarhús við Miðholt“ á fundi sínum 15. júní 2023.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits fyrir Miðholt 21, 23 og 25. Byggingarreiturinn stækkar um 44 fermetra. Íbúðanúmerum fjölgar um eitt og verða eftir breytingu Miðholt 21, 23, 25 og 27. Nýtingarhlutfall af heildarlóð breytist, fer úr 0,22 í 0,18. Jafnframt eru gerðar lagfæringar á uppdrætti þar sem skekkjur voru í kortagrunni gildandi skipulags. Tekið var mið af nærliggjandi lóðum, þeim samningum sem um þær gilda, og lóðamörk innan skipulagsins lagfærð þannig að skörun verði ekki á lóðamörkum. Vegna lagfæringa á kortagrunni og stækkunar byggingarreits stækkar skipulagsreiturinn lítilsháttar í austur, eða um 3,8 metra.

Skipulagið var grenndarkynnt og bárust engar athugasemdir á kynningartíma grenndarkynningar. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Langanesbyggðar, 22. júní 2023,

Arnar Birgir Ólafsson skipulagsráðgjafi.

B-deild – Útgáfudagur: 6. júlí 2023